

# Yfirlýsing um samþættingu sjálfbærniáhættu í starfskjarastefnu

Júní 2024



## Inngangur

Yfirlýsing þessi er gefinn út á grundvelli 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (*SFDR-reglugerðin*), sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar nr. 25/2023.

Samkvæmt 5. gr. SFDR-reglugerðarinnar skal bankinn hafa í starfskjarastefnu sinni upplýsingar um hvernig stefnan samræmist innfellingu áhættu tengdri sjálfbærni og birta þær upplýsingar á vefsetri sínu.

Tilgangur ákvæðisins er að stuðla að auknu gagnsæi í starfskjarastefnum aðila á fjármálamarkaði að því er varðar fjárfestingar og fjárfestingarráðgjöf þeirra.

## Hvað er áhætta tengd sjálfbærni?

Áhætta tengd sjálfbærni er skilgreind í 22. mgr. 2. gr. SFDR-reglugerðarinnar sem atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttar sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

## Starfskjarastefna Íslandsbanka

Í starfskjarastefnu bankans felst markmið um að traust ríki um stjórn og starfsemi bankans og að bankinn sé í forystu á sviði góðra stjórnarháttar og sjálfbærni. Enn fremur er starfskjarastefnunni ætlað að stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið, samræmast og stuðla að traustri og skilvirkri áhættustýringu, hvetja ekki til áhættusækni umfram áhættuvilja bankans og fela í sér ráðstafanir til að forðast hagsmunaaárekstra.

Samkvæmt 7. gr. starfskjarastefnu bankans skal hann ekki gera eða heimila samninga um kaupauka, þ.e. ekki heimila samninga um starfskjör sem eru skilgreind með árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrir fram.

## Áhætta tengd sjálfbærni í starfskjarastefnu Íslandsbanka

Starfskjarastefna Íslandsbanka tekur ekki sérstaklega mið af áhættu tengdri sjálfbærni, eins og hún er skilgreind í 22. mgr. 2. gr. SFDR-reglugerðarinnar, þar sem hún kveður á um að bankanum sé óheimilt að gera samninga um starfskjör sem eru skilgreind með árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum starfsmanna. Þá kveður hún á um að við ákvörðun um starfskjör skuli gæta að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Með því að leggja áherslu á góða stjórnarhætti, viðurkennd jafnréttissjónarmið og föst starfskjör í starfskjarastefnunni, telur bankinn að fyrirkomulag hennar hvetji ekki til óhóflegrar áhættutöku.

Útgáfa 1.0

28. júní 2024